

**Ed.**

### **302. Frumvarp til laga**

um breytingar á framfærslulögum, nr. 135 frá 31. des. 1935.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Við 6. gr. laganna bætist: Sama skylda hvílir á kjörforeldrum og kjörbörnum.

2. gr.

Síðasta málsgr. 7. gr. laganna („Nú vill framfærslumaður taka á heimili sitt . . . á heimili framfærslumanns.“) fellur niður.

3. gr.

Í stað „atvinnumálaráðherra“ í 8. gr. laganna kemur: ráðherra.

4. gr.

Á eftir orðunum „meðlag barna með foreldrum“ í 9. gr. laganna kemur: kjörbarna með kjörforeldrum.

5. gr.

Úr síðari másl. 1. málsgr. 12. gr. laganna falla niður orðin: „og greiðir almenn gjöld“.

6. gr.

13. gr. laganna skal orða svo:

Nú flyzt maður milli sveita, og skal hann þá eiga framfærslurétt í þeirri sveit, er hann flytur í, þegar er hann hefir tekið sér þar lögheimili, nema öðruvísi sé fyrir mælt í þessum lögum eða öðrum. Enginn öðlast þó framfærslurétt í annari

sveit með dvöl sinni þar í skóla, sjúkrahúsi, heilsuhæli eða annari slíkri stofnun, vinnuhæli eða fangahúsi, eða ef hann dvelst eingöngu eða aðallega til lækninga eða til heilsubótar. Meðan hann dvelur þar á hann framfærslurétt í þeirri sveit, er hann átti framfærslurétt í, er slík dvöl hans hófst, en öðlast framfærslurétt í heimilissveit sinni að dvölinni lokinni, er hann hefir komizt af styrklaust í 2 ár óslitið. Sá, er dvalið hefir í skóla, öðlast þó þegar framfærslurétt í þeirri sveit, er hann tekur sér lögheimili í að skólavistinni lokinni.

7. gr.

Á eftir 13. gr. laganna kemur ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatala samkvæmt því):

Nú flyzt milli sveita maður, er þegið hefir framfærslustyrk á síðustu 2 árum áður en hann flutti, og skal hann þá halda óbreyttri sveitfesti, þar til hann hefir komizt af styrklaust í 2 ár óslitið í hinni nýju heimilissveit.

8. gr.

- a. Í stað „heimilissveit“ á 4 stöðum í 14. gr. laganna kemur: framfærslusveit.
- b. Í stað „lögheimili“ í 2. málsg. sömu lagagr. kemur: framfærslurétt.

9. gr.

- a. Aftan við fyrri málsg. 15. gr. laganna bætist: og lögskyldur framfærslumaður sé ekki fær um að ala önn fyrir barninu meðgjafarlaust.
- b. Á eftir orðunum „meiri meðgjafar en meðalmeðlags“ í síðari málsg. sömu lagagreinar kemur: og foreldri er ekki fært um að ala önn fyrir barni án meðgjafar.

10. gr.

Aftan við 17. gr. laganna bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Nú er dönskum ríkisborgara veittur framfærslustyrkur hér á landi, og skal ríkissjóður þá endurgreiða dvalarsveit hans að fullu allan þann styrk, er honum er veittur, ef hann hefir dvalið þar skemur en eitt ár, en að  $\frac{1}{10}$  hlutum, ef hann hefir dvalið þar eitt ár eða lengur.

11. gr.

21. gr. laganna skal orða svo:

Nú er manni, sem á framfærslurétt hér á landi, veittur framfærslustyrkur hjá umboðsmönnum ríkisins erlendis, og skal þá endurgreiða þann styrk úr ríkissjóði. Kostnaður við heimflutning frá útlöndum greiðist sömuleiðis úr ríkissjóði fyrir þann styrkþega og skyldulið hans, sem ofangreindir umboðsmenn annast, ef kostnaðurinn fæst ekki á annan hátt greiddur.

12. gr.

Í stað „atvinnumálaráðherra“ í niðurlagi 23. gr. laganna kemur: ráðherra.

13. gr.

Í stað orðsins „ekkján“ í niðurlagi 24. gr. laganna kemur: barnið.

14. gr.

Aftan við 25. gr. laganna kemur ný málsg., svo hljóðandi:

Framfærslusveit sú, er maður ekkjunnar átti er hann andaðist, skal endurgreiða heimilissveit hennar meðlögin, ef hún krefst úrskurðar um meðlagsgreiðslu innan 2 ára frá andláti mannsins. Komi krafa hennar síðar fram, skal sú sveit endurgreiða meðlögin, er ekkján átti framfærslurétt í er hún fyrst krafðist úrskurðarins.

15. gr.

26. gr. laganna fellur niður.

16. gr.

a. Á eftir orðinu „hlutfallskosningu“ í 2. málsg. 29. gr. laganna kemur: Jafnmargir skulu kosnir til vara.

b. Næstsiðasta málsg. sömu lagagr. orðist svo:

Kjörtímabil framfærslunefndar er hið sama og kjörtímabil annara fastra nefnda bæjarstjórnar.

17. gr.

Í stað orðanna „sé lagður þeim á heimili þeirra“ í 1. másl. 39. gr. laganna kemur: sé veittur þeim.

18. gr.

Síðasta málsg. 41. gr. laganna orðist svo:

Ekki má sveitarstjórn skilja hjón samvistum án leyfis þeirra, nema um stundarsakir sé vegna atvinnusóknar.

19. gr.

Aftan við 2. málsg. 48. gr. laganna bætist: Skytt er kaupgreiðanda eða atvinnurekanda að greiða sveitarstjórn, ef hún krefst, kaup eða aflahlut framfærsluþurfa, sem hún telur ekki kunna með fé að fara. Leitað getur framfærsluþurfi úrskurðar yfirvalds, ef hann telur sig misrétti beittan, og má skjóta þeim úrskurði til ráðherra.

Nú vanrækir kaupgreiðandi eða atvinnurekandi að verða við slíkri kröfu, og ber hann þá gagnvart sveitarstjórn ábyrgð á þeirri upphæð, er hann hefir greitt framfærsluþurfa eftir að krafa sveitarstjórnar barst honum.

20. gr.

Á eftir 48. gr. laganna kemur ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatala samkvæmt því):

Heimilt er framfærslunefndum og hreppsnefndum að fá hverjar þær upplýsingar úr skattskýrslum styrkþega og vinnuskýrslum hjá vinnumiðlunarskrifstofum, er þær telja þörf á. Einnig er bönkum og sparisjóðum skytt að gefa framfærslunefndum og hreppsnefndum upplýsingar um viðskipti styrkþega og þeirra, sem framfærsluskyldir eru við þá.

Þeim upplýsingum, sem þannig eru fengnar, skal haldið leyndum, nema talið verði um að ræða misferli af hálfu styrkþega eða framfærsluskyldra.

21. gr.

50. gr. laganna skal orða svo:

Sá, sem þiggur framfærslustyrk og er þó vinnufær, er skyldur að fara, hvert sem er innanlands, í viðunanlega vist, eða til atvinnurekstrar við viðunanleg skilyrði, eða vinna hverja þá vinnu, sem sveitarstjórn ákveður og honum er ekki um megn, meðan hann er ekki fær um, án sveitarstyrks, að framfleyta sér og þeim, er hann á fram að færa að lögum. Ákvæði sveitarstjórnar er hann skyldur að hlýða fyrst um sinn, enda þó hann vilji ekki kannast við, að vist sú eða vinna sé viðunanleg, er honum var boðin, en málið getur hann jafnframt kært fyrir lögreglustjóra framfærslusveitar, er sker úr því, eftir að hafa leitað álits tveggja óvilhallra manna og verklyðsfélags á staðnum, ef slíkt er til. Úrskurði lögreglustjóra má skjóta til ráðherra.

Á sama hátt getur framfærslusveit styrkþega látið hann vinna af sér barnsfúlguna þá, er hún hefir orðið að borga með barni hans skilgetnu eða óskilgetnu, hafi hann ekki fyrir konu og börnum að sjá, eða látið hann afplána fúlguna í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og við skylduvinnu á vinnuhæli ríkisins, og á

kveður hlutaðeigandi lögreglustjóri með úrskurði, hve lengi fangelsisvistin skuli standa, þó svo, að í stað hverra 200 kr. komi aldrei meira en 20 daga fangelsi.

Arður af vinnu fangans fellur til ríkissjóðs, enda greiði hann kostnað allan af fangelsisvistinni.

22. gr.

Á eftir 54. gr. laganna kemur ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatala samkvæmt því):

Nú er manni veittur framfærslustyrkur utan þeirrar sveitar, er hann á framfærslurétt í, og skal framfærslusveit hans þá endurgreiða styrkinn að  $\frac{2}{3}$  hlutum, nema þar sem öðruvísi er ákveðið í þessum lögum. Þó skulu greiðslur eftir yfirvaldsúrskurði endurgreiðast að fullu.

Ríkissjóður ábyrgist þessar endurgreiðslur.

23. gr.

Aftan við 55. gr. laganna bætist: og ábyrgist ríkissjóður greiðsluna.

24. gr.

Á eftir 55. gr. laganna kemur ný grein, svo hljóðandi (og greinatala breytist samkvæmt því):

Kröfur um endurgreiðslu á framfærslustyrk, sem eitt sveitarfélag á á hendur öðru, skal gera innan 6 vikna frá styrkveitingu, ella fellur endurkröfurétturinn niður.

25. gr.

Í stað tveggja síðustu málsgreina 58. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Nú hefir dvalarsveit barnsmóður eða framfærslumanns barns greitt úrskurðað barnsmeðlag samkvæmt ákvæðum þessara laga og sífjalaga, og skal þá framfærslusveit sú, er barnsfaðir á, er meðlagið féll í gjalddaga, skyld að endurgreiða dvalarsveitinni meðlagið að fullu, og skal telja það framfærslustyrk veittan barnsföður.

Hafi dvalarsveit barnsmóður eigi fengið meðlag endurgreitt fyrir þá sök, að ókunnugt hefir verið um dvalarstað barnsföður, eða hann hefir komið undan lagaáðförum, er þeirri sveit heimilt, er hann kemur síðar fram, að ganga að þeim framfærsluhéruðum, er hann kann að hafa átt meðan ekki náðist til hans.

26. gr.

59. gr. laganna skal orða svo:

Skylt er barnsföður að endurgreiða meðlag með barni sinu — skilgetnu eða óskilgetnu — framfærslusveit sinni eða þeirri sveit, er greitt hefir það fyrir hann til dvalarsveitar barnsins, móður þess eða annars framfærslumanns, sé hann þess umkominn að dómi sveitarstjórnar.

Skylt er kaupgreiðanda eða atvinnurekanda að greiða sveitarstjórn samkvæmt kröfu hennar kaup eða aflahlut manna þeirra, er um ræðir í 1. málsg., til lúkn-ingar úrskurðuðum meðlögum.

Nú vanrækir kaupgreiðandi eða atvinnurekandi að verða við slíkri kröfu, og ber hann þá ábyrgð gagnvart sveitarstjórn á meðlagsskuldinni, allt að þeirri upphæð, er hann hefir greitt barnsföður, eftir að krafa sveitarstjórnar barst honum.

27. gr.

Í stað „heimilissveit“ í 60. gr. laganna kemur: framfærslusveit.

28. gr.

Í stað „heimilissveitar“ í 61. gr. laganna kemur: framfærslusveitar.

29. gr.

62. gr. laganna skal orða svo:

Nú giftist móðir barns, er meðlag hefir tekið samkv. meðlagsúrskurði, eða býr ógift með karlmanni, er telja verður fyrirvinnu heimilisins, og fellur þá sjálfkrafa úr gildi réttur hennar til að krefjast meðlagsgreiðslna af heimilissveit sinni, nema stjúpfaðir barnsins eða sá maður, er móðirin býr með, sé framfærsluþurfi, en þá skal framfærslusveit barnsföður endurgreiða meðlagið. Sé barnsfaðirinn dáinn, skal fara um greiðslu meðlagsins sem segir í 61. gr., svo fremi stjúpfaðirinn eða sá maður, er móðirin býr með, er framfærsluþurfi.

30. gr.

Í stað orðanna „að krefjast endurgreiðslu“ í upphafi 63. gr. laganna komi: að krefja styrkþega endurgreiðslu.

31. gr.

65. gr. laganna orðist svo:

Nú hefir þurfamanni eða atvinnuleysingja verið ráðstafað af framfærslu- nefnd eða hreppsnefnd í annað framfærsluhérað, og vinnur hann sér þá eigi sveit í hinu nýja héraði fyrr en í fyrsta lagi að 6 árum liðnum. Ber þeirri sveit, er ráð- stafaði honum til dvalar, að kosta framfærslu hans fyrstu 4 árin, ef með þarf, hvort sem hann þarf árlegan styrk eða ekki, og eftirleiðis þangað til hann hefir komizt af tvö ár óslitið án framfærslustyrks.

Dvalarsveit er skylt að greiða innflytjandanum nauðsynlegan styrk, ef hann óskar þess fremur en að hafa bein skipti við framfærsluhérað sitt, en skylt er framfærsluhéraði að endurgreiða þann styrk að fullu. Ber ríkissjóður ábyrgð á skilvísri endurgreiðslu styrksins til dvalarsveitarinnar.

32. gr.

Upphaf 66. gr. laganna orðist svo:

Nú þarfnast maður framfærslustyrks áður en 2 ár eru liðin frá því að hann fluttist til þess framfærsluhéraðs, er hann á heima í, án þess um ráðstöfun samkv. 65. gr. sé að ræða, og skal þá hreppsnefnd eða framfærslunefnd láta valdsmann, ef ástæða er til, rannsaka eftirfarandi atriði:

33. gr.

67. gr. laganna skal orða svo:

Sannist það við rannsókn þessa, að sveitarstjórn fyrrverandi heimilissveitar styrkþegans, eða einstakir áhrifamenn í sveitarfélaginu, hafi komið því til leiðar, að styrkþegi flutti búferlum í aðra sveit og ekki er um ráðstöfun að ræða samkv. 65. gr., skal þeirri sveit, er hann flutti úr, skylt að endurgreiða dvalarsveit hans allt, er hann eða fjölskylda hans þarf að þiggja í framfærslustyrk meðan hann dvelur þar.

Sama gildir, ef það sannast, að sveitarstjórn fyrrverandi heimilissveitar hafi lagt fram fé, beint eða óbeint, til þess að styrkþegi gæti komizt hjá því að biðja um framfærsluhjálp fyrstu tvö árin.

34. gr.

68. gr. laganna skal orða svo:

Nú verður sveitarstjórn uppvis að því, að hafa stuðlað að flutningi manns til annars sveitarfélags, og ekki er um ráðstöfun að ræða samkv. 65. gr., og skal þá ríkissjóður endurgreiða dvalarsveit hans allt, er hún leggur út hans vegna, og inn- heimta síðan upphæðina hjá fyrrverandi heimilissveit mannsins.

35. gr.

- a. Í stað orðanna „1. marz“ í fyrri málsgr. 69. gr. laganna kemur: 1. júní.
- b. Í stað „atvinnumálaráðuneytisins“ í sömu lagagr. kemur: ráðuneytisins.

36. gr.

- a. Í stað „15. júnimánaðar“ í 70. gr. laganna kemur: 15. júlímánaðar.
- b. Í stað „atvinnumálaráðuneytinu“ í sömu lagagr. kemur: ráðuneytinu.
- c. Í stað orðanna „tollstjóranum í Reykjavík“ í sömu lagagr. kemur: skattstjóranum í Reykjavík.

37. gr.

Í stað „atvinnumálaráðuneytið“ í 72. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

38. gr.

73. gr. laganna skal orða svo:

Nú fer samanlagður framfærslukostnaður sveitarfélags fram úr meðaltali framfærslukostnaðar í þeim jöfnunarflokki, sem sveitarfélagið tilheyrir, reiknað á sama hátt og segir í næstu grein á undan, og fá sveitarfélögin þá endurgreiðslu úr jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga, þannig, að hvert sveitarfélag greiðir meðaltalsframfærslukostnað í sínum flokki að frádrögnum 10% og fær endurgreidda  $\frac{2}{3}$  hluta þess, sem umfram er. Minni upphæð en 100 krónur greiðist þó aldrei neinu bæjar- eða sveitarfélagi.

Hrökkvi tekjur jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga ekki til þess að endurgreiða fátækrajöfnunarféð, greiðir rikissjóður það, sem á vantar, þar til full endurgreiðsla er fengin samkvæmt fyrirmælum þessarar greinar.

39. gr.

74. gr. laganna skal orða svo:

Nú eru skýrslur þær, er um getur í 69. og 70. gr. eigi komnar til ráðuneytisins á þeim tíma, sem þar er tiltekinn, og skal þá með símskeyti eða á annan fulltryggan hátt tilkynna hreppsnefndum, bæjarstjórnnum og embættismönnum þeim, sem þar eru tilgreindir, að skýrslur þeirra skuli afhendast fyrir nánar tiltekinn dag.

Nú verður misbrestur á því, að skýrslur komi þrátt fyrir tilkynningu samkvæmt 1. málsgr., og skal þá við útreikning nota tilsvarandi skýrslu síðastliðins árs, en hreppar þeir og kaupstaðir, sem vanrækslu hafa sýnt, missa rétt til endurgreiðslu fyrir það ár, þó þeir ættu tilkall til hennar samkvæmt útreikningi.

40. gr.

- a. Í stað „Atvinnumálaráðuneytið“ í upphafi 75. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
- b. Í stað „1. júlí“ í sömu lagagr. kemur: 1. ágúst.

41. gr.

Í stað „Atvinnumálaráðuneytið“ í upphafi 76. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

42. gr.

Næst á eftir 79. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:

- a. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1940.
- b. Þegar lög þessi hafa öðlzt staðfestingu konungs, skal færa þau inn í meginmál framfærslulaga, nr. 135 frá 1935, lagfæra og samræma allar tilvitnanir og gefa þau út svo breytt.

#### Greinargerð.

Frv. er flutt samkvæmt beiðni félagsmálaráðherra.

Nefndarmenn hafa óbundið atkvæði um einstakar greinar frv. og frv. i heild. Frumvarpinu fylgdu eftirfarandi athugasemdir og skýringar:

Frumvarp þetta er samið af nefnd, sem félagsmálaráðherra skipaði 28. sept. s. l. „til þess að athuga breytingar á framfærslulögunum og framkvæmd og skipun

framfærslumála, og þá með sérstakri hliðsjón af því, að dregið verði úr þunga framfærslunnar fyrir bæjar- og sveitarfélögin“. Í nefnd þessa voru skipaðir Sverrir Gíslason oddviti, Jón Brynjólfsson skrifstofustjóri og Bjarni Benediktsson prófessor. Fyrir nefndina var lagt að starfa í samráði við og undir leiðsögn eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna, Jónasar Guðmundssonar, en auk þess skyldi hún hafa sér til ráðuneytis þá Friðjón Skarphéðinsson bæjarstjóra í Hafnarfirði og Ólaf Sveinbjörnsson fulltrúa framfærslumála í Reykjavík.

Tími sá, er nefndinni hefir verið ætlaður til starfa, hefir verið ærið skammur. Nokkuð bætir þar þó úr, að þegar í upphafi voru nefndinni fengin til athugunar frumvörp, sem fulltrúar nokkurra sveitarstjórna sömdu á s. l. vetri, og var gert ráð fyrir því af ráðherra, að þessi nefnd legði þau frumvörp til grundvallar starfi sinu, og hefir svo að miklu leyti verið gert.

Öll nefndin er sammála um það, að höfuðgalli núverandi ástands sé sá, að vegna þess að fólkið sækir um of á einstaka staði, svo að þar skapast atvinnuleysi, þá verði sveitarþyngsli þessara staða svo mikil, að þeir geti ekki undir risið. Hér við bætist það, að þeir, sem þegar eru orðnir þurfalingar, auka enn vandræðin með því að sækja í margmennið til þess að hverfa þar, ef svo má segja. Loks hefir vald sveitarstjórna verið skert svo mjög, að hæpið er, að þær hafi vald til nauðsynlegra aðgerða á þeim erfiðleikatímum, er nú steðja að.

Þegar skyggnt er um eftir úrræðum til bóta á því ástandi, sem nú er, verður einna fyrst fyrir að athuga, hvort ekki sé rétt að gera landið allt að einu framfærsluhéraði. Afnáam sveitfestitímans, sem ákveðið var með framfærslulögunum 1935, sýnist mjög stuðla að því, að þessi skipun væri upp tekin. Má raunar segja, að fyrir henni votti í ákvæðum laga 1935 um jöfnunarsjóð, sem ætlaður er til þess að jafna kostnað milli framfærsluhéraða. Um það er að visu deilt, hvort sú jöfnun sé fyllilega réttlát, og er því einkum haldið fram af Reykjavíkur hálfu, að svo sé ekki. En hætt er við, að sú skipun, sem allir telji réttláta, finnist seint í þessum efnum. Og ef sveitarstjórnir eiga að halda áfram meðferð þessara mála, svo sem hér á landi hefir ætið verið, þá er ljóst, að einhverskonar jöfnunarsjóður hlýtur að vera einkenni þess, að í raun og veru sé landið eitt framfærsluhérað. En ef ríkið sjálf á að taka þessi mál í sínar hendur og framfærslustyrkir eiga beint að greiðast úr ríkissjóði fyrir milligöngu stjórnskipaðra manna um land allt, er tvímælalaust, að þessu mundi fylgja slík röskun á allri vald- og tekjuskiptingu ríkis- og sveitarstjórna, að slíku verður ekki á komið fyrr en eftir miklu rækilegri ihugun en nú hefir verið kostur á. Enda er það ljóst, að þótt landið allt væri gert eitt framfærsluhérað, þá er þar með engan veginn leystur sá vandi, hvernig eigi að sporna gegn þeirri hættu, sem þjóðfélaginu öllu stafar af hinum óeðlilegu flutningum fólks til einstakra staða í landinu.

Annað úrræði, sem til athugunar hefir komið, er að taka af nýju upp sveitfestina. A. m. k. einn nefndarmanna, Bjarni Benediktsson, telur æskilegt, að svo væri gert. Slíkt hefir samt ekki þótt fært, enda sveitfestitíminn afnuminn 1935 vegna þess, að hann þótti ekki framar við eiga. Mundi sveitfestitími heldur ekki geta spornað gegn því atvinnuleysisbóli, sem stafar af hinum óeðlilegu fólksflutningum byggðarlaga á milli.

Að öllu þessu athuguðu hefir þótt réttast að láta meginatriði framfærslulaga frá 1935 haldast enn um sinn óbreytt, en reyna að sníða af helztu vankantana. Má þar til einkum telja ákvæðin um, að þeir, sem þegar hafa þegið af sveit, skipta yfirleitt um framfærslusveit jafnskjótt og þeir flytja. Ennfremur að vald sveitarstjórna er nú um of skert, svo að erfiðara er um heppilega framkvæmd en ella mundi. Jafnframt því, sem tillögur eru bornar fram til að bæta úr þessu, er svo gert ráð fyrir, að flutt verði sérstakt frumvarp til þess að koma í veg fyrir tjón af óeðlilegum flutningum fólks á milli byggðarlaga.

Nefndin hefir tekið til athugunar ýmsar aðrar breytingar heldur en hér koma fram, þó að ekki hafi orðið samkomulag um þær. T. d. álitur Sverrir Gíslason,

að regla sú, sem sett er í 72. gr. framfærslulaga um jöfnun framfærslukostnaðar, ætti meira að miðast við skattskyldar tekjur og skuldlausar eignir en nú er. Þá hefir Jón Brynjólfsson talið ástæðulaust, nema því aðeins, að 72. gr. væri breytt, að breyta ákv. 73. gr. í þá átt, að Reykjavík komist undir sömu jöfnunarákvæði og önnur sveitarfélög.

Um einstakar greinar frumvarpsins er þetta að segja:

#### Um 1. gr.

Þar sem kjörforeldri er skylt að ala upp og framfæra kjörbarn sem sitt eigið barn, þykir eðlilegt, að kjörbörn séu einnig skyld að sjá fyrir kjörforeldrum sínum, ef þau eru þess umkomin, svo og, að kjörforeldri sé með sama skilyrði skylt að sjá fyrir kjörbarni sínu, þótt það sé orðið 16 ára. Aftur á móti hefir ekki þótt ástæða til að taka upp samskonar ákvæði um stjúpbörn, þar sem allt getur verið óvissara um samband þeirra og stjúpforeldris.

#### Um 2. gr.

Eftir núgildandi ákvæðum losnar framfærslumaður alveg undan framfærsluskyldu sinni, ef styrkþegi að ástæðulausu neitar að setjast að á heimili hans. Með þessu er mjög ýtt undir, að tylliástæður séu fram bornar af hálfu styrkþega til þess að velta framfærsluskyldunni af vandamanni hans og yfir á sveitina. Slíkt er ótækt og því sjálfsagt að fella 3. mgr. 7. gr. framfærslulaganna úr gildi þegar af þeirri ástæðu. En um hitt, að úrskurður sé fenginn á hendur framfærslumanni og hann skyldaður til að greiða í peningum, er ljóst, að efnahagur alls þorra manna er hér á landi slíkur, að honum er ómögulegt að greiða stórfé út af heimilunum, þó að vel megi standa undir lögskyldum, ef fullnægja má þeim viðurgerningi á heimili. Við þessa þjóðfélagshætti verður að miða ákvæði laganna. Ætti það og að vera því hættuminna sem hér er um vandamenn að ræða, og ótækt að láta krit þeirra í milli verða almenningi í landinu til útgjalda. En svo verður í raun og veru, þó að formleg skylda sé lögð á framfærslumann til að greiða það, sem hann getur ekki af höndum innt út af heimili sínu.

#### Um 3. gr.

Orðabreyting til samræmis, sbr. aths. við 35. gr.

#### Um 4. gr.

Ákvæðið er sjálfsögð afleiðing þess, sem í 1. gr. var lagt til.

#### Um 5. gr.

Vitað er, að engan veginn fer ætíð saman fast aðsetur og greiðsla almennra gjalda á þeim stað. Ákvæðið um almenn gjöld skapar því einungis óvissu og er til hins verra. Hinsvegar er þetta auðvitað eitt af því, sem taka verður tillit til, þegar gera skal sér ljóst, hvort um fast aðsetur sé að ræða, en sem beint skilorð á það ekki við. Er því sjálfsagt að fella það niður.

#### Um 6. gr.

Hér er ráð fyrir því gert, að sú meginregla haldist eftir sem áður, að enginn sveitfestitími sé, heldur öðlist maður þegar framfærslurétt á einhverjum stað, þegar maður hefir tekið sér þar lögheimili. Hinsvegar er niður fellt fyrirmælið um, að þessi regla taki einnig til þeirra, sem þegar eru á styrk, og er rætt um þá í næstu grein á eftir. Þá er berum orðum tekið fram, að maður öðlist ekki framfærslurétt með dvöl sinni á einhverjum stað til lækninga eða heilsubótar. Þetta er alveg samsvarandi dvöl á sjúkrahúsi og á heilsuhæli, og sjálfsagt að láta hið sama gilda um hvorttveggja. Mun og eðlilegast að líta svo á, að sú regla gildi nú þegar, en til frekara öryggis er rétt að segja þetta ótvírætt.



Nýmæli er þar á móti það, að sá, er einhverstaðar hefir átt slíka dvöl, vinni sér ekki framfærslurétt þar, sem hann tekur sér heimili að dvölinni lokinni, fyrr en hann hefir komizt af styrklaust í tvö ár óslitið. Þetta ákvæði er nauðsynlegt vegna þess, að reynslan sýnir, að menn, sem verið hafa á spítölum og öðrum slíkum stofnunum, setjast mjög oft að nærri þeim að dvölinni lokinni. Getur það og verið mönnum þessum allsendis nauðsynlegt, því að þótt þeir séu að nafni til vinnufærir, þá getur mjög á ýmsu oltið um það, og þeim í alla staði verið hentara að breyta sem minnst um dvalarstað. En þessi dvöl þeirra er í rauninni beint framhald af hinni fyrri og rétt að láta sömu reglur gilda. Hvernig sem á er litið, er mjög ósanngjarnt að skylda þá sveit, er þeir setjast að í, til þess að taka við framfærslu þeirra, meðan alveg er óvist, nema þær ástæður, er í upphafi leiddu til dvalar þeirra, taki sig upp af nýju. Hafa og komið fram kvartanir um, að t. d. væri amazt við fyrrverandi berklastrjúklingum nærri berklahælunum af ótta við, að þeir yrðu þar til sveitarþyngsla. Með því að láta þá halda fyrri framfærsluveit án tillits til þess, hvar þeir settust að, mundi úr þessu bætt. Öll rök hniga því að því, að þessir menn haldi sinni fyrri sveit þangað til verulegar líkur eru að því færðar, að þeir séu orðnir sémilega heilir. En það, að þeir hafa komizt styrklaust af í 2 ár, bendir mjög sterklega í þá átt.

#### Um 7. gr.

Einn af verstu göllumum á núgildandi framfærslulöggjöf er sá, að þeir, sem eru á styrk, vinna sér framfærsluveit um leið og þeir hafa einhverstaðar tekið sér lögheimili. Slíkt ákvæði mun vera einsdæmi og er t. d. ekki í dönsku framfærslulöggjöfinni, er þó gengur mjög langt í þá átt að afnema sveitfestitíma, og höfð var að þessu leyti til hliðsjónar við setningu framfærslulaganna 1935. Með þessu ákvæði laganna er beinlínis ýtt undir sveitarstjórnir að koma þurfamönnum af sér á aðrar sveitir. Við slíku er raunar reynt að gera annarstaðar í lögnum, en bæði er, að því líkar tiltektir sveitarstjórnar er mjög erfitt að sanna, þó að á hvers manns vitorði séu, og að viðurlög laganna eru allsendis ófullnægjandi. En einnig þó að svo standi á, að sveitarstjórn eigi engan þátt í flutningi þurfamanns, þá er ákvæðið engu að síður mjög varhugavert, því að þurfamenn vilja miklu síður dvelja í hinum fámennari héruðum, þar sem öllum er kunnugt um hagi þeirra og með hverjum hætti þeir komast af. Þeir sækja því allir á hina fjölmennu staði, þar sem minna ber á þeim og ekki er verulega eftir þeim tekið. En með þessum hætti verður þurfamannabúninginn á hinum fjölmennari stöðum litt bærilegur, og sveitarfélögin sligast hvert af öðru undan honum. Loks er á það að líta, að með þessu safnast þurfamennirnir þangað, sem dýrast er að framfæra þá, og kemur það vitanlega áður en lýkur niður á þjóðfélaginu öllu.

Verður því ekki um það deilt, að núgildandi ákvæði eru ótæk og að þótt sveitfestitími eigi ekki almennt við, þá sé hann óumflýjanlegur, þegar svo stendur á, sem hér um ræðir. Um það má vitanlega deila, hversu langur hann skuli vera, en minna en 2 ár koma naumast til greina. Þá þykir og sjálfsagt að láta hið sama ganga yfir þá, sem á styrk voru skömmu áður en þeir fluttu, og hina, sem einmitt þá eru styrkþegar. Ella væri sveitarstjórnnum í lófa lagið að ýta af sér margra ára styrkþegum með því að neita þeim um styrk og neyða þá þannig til að flytja.

Ef halda á þeirri reglu almennt að hafa engan sveitfestitíma, verður að gera frá henni þær undantekningar, er komi í veg fyrir algera upplausn í þjóðfélaginu.

#### Um 8. gr.

Orðabreytingar, sem ekki þarfnast skýringa.

#### Um 9. gr.

Í sjálfu sér má um það deila, hvort heppileg séu ákvæði 15. gr. framfærslulaganna um, að fósturforeldrar geti haldið barni fyrir lögskyldum framfærslu-

manni, sem barnaverndarnefnd eða hreppsnefnd telur ekki óhæfan til að ala barnið upp. En hitt er alveg fráleitt, að láta þetta verða til þess, að sveitarsjóður greiði meðgjöf, sem hann slyppi frá, ef barnið væri hjá lögskyldum framfærslumanni. Hér er farið fram á að leiðrétta þetta, og er þess að gæta, að þrátt fyrir það helzt vitanlega heimild til þess að taka barn af lögskyldum framfærslumanni, ef hann telst óhæfur til uppeldisins. Breytingarnar valda barninu því engu tjóni, heldur einungis losa sveitarsjóð við óþörf útgjöld.

Um 10. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli og er í samræmi við það, sem í Danmörku gildir um íslenska ríkisborgara. Þykir fara bezt á því, að í báðum ríkjunum gildi um þetta hliðstæðar reglur, enda munu þessi sérákvæði ekki haldast lengur en jafnréttis-ákvæði sambandslaganna.

Um 11. gr.

Núgildandi fyrirmæli 21. gr. framfærslulaganna ganga lengra um greiðsluskyldu íslenska ríkisins á styrk veittum erlendis til íslenskra ríkisborgara en tíðkanlegt er. Lagt er til, að upp verði tekin sama regla og önnur ríki fylgja í þessu efni, og sýnist það sjálfsagt.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Eftir núgildandi lögum er miðað við meðalmeðlag, þar sem ekkjan á heima, þó að barnið eigi heima annarstaðar. Kostnaðurinn fer vitanlega eftir heimili barnsins, og er því auðsætt, að við það ber að miða.

Um 14. gr.

Til samræmis við ákvæðin um, að sá, sem þiggur styrk, vinni sér ekki nýja sveit með flutningi sínum, verður að setja hliðstæð fyrirmæli um ekkjur, sem fengið hafa meðlagsúrskurði með börnum sínum. Ef endanleg greiðsluskylda á úrskurðinum ætti sem nú að hvíla á þeirri sveit, sem heimili þeirra hverju sinni er í, mundi það valda því, að þær væru öðrum fremur hraktar á milli sveita, og hafa í för með mér margskonar ranglæti. Eðlilegast er, eins og hér er gert, að leggja yfirleitt hina endanlegu greiðsluskyldu á þá framfærslusveit, er maðurinn átti, er hann andaðist, án tillits til síðari flutninga ekkjunnar. En hafi ekkjan komið af um langt skeið meðlagslaust og flutt brott úr þessari sveit, mundi þó ósanngjarnt að láta hana greiða. Þess vegna er fyrirmælið um, að sú framfærslusveit, er ekkjan á, þegar hún krefst meðlagsins, skuli ætíð, án tillits til síðari flutninga, greiða það, ef hún krefst þess þegar meira en tvö ár eru liðin frá dauða mannsins.

Að því leyti, sem ekkjan kann hinsvegar jafnframt meðlögunum að þurfa á eiginlegum framfærslustyrk að halda, haggja þessi fyrirmæli engu frá almennu reglunni um, hvaða sveit skuli greiða hann. Réttarstaða ekkju verður yfirleitt betri vegna þessa ákvæðis, en ekki lakari.

Um 15. gr.

Ákvæði 26. gr. laganna er óþarft vegna fyrirmæla 29. gr. frv., og þykir því betur fara að fella lagagreinina niður.

Um 16. gr.

Rétt þykir að hafa beina heimild fyrir kosningu varamanna, þar sem hún er nauðsynleg og tíðkuð.

Eðlilegt er, að kjörtímabil framfærslunefndar sé hið sama og annara fastra nefnda, er bæjarstjórn kýs. Flokkahlutföll og aðstæður allar geta breytt á svo

lögum tíma sem kjörtímabili bæjarstjórnar, og er engin ástæða til að miða við það um þessa nefnd fremur en aðrar.

#### Um 17. gr.

Á neyðartímum er hugsanlegt, að skattgreiðendur geti ekki innt af hendi miklar peningagreiðslur til framfærslumála, en séu þó færir um að láta í té mat o. þ. h. á heimilum sínum. Þó að þessi háttur væri á hafður, mundi það enganveginn leiða til þess, að heimilum styrkþega yrði sundrað, því að banninu gegn slíku er haldið. Breytingin mundi þvert á móti hafa í för með sér, að illa stæðum sveitarfélögum yrði fært að láta styrkþegum í té samskonar viðurværi og skattþagnar þess fá, þó að beinar fjárgreiðslur til þeirra væru útilokaðar.

#### Um 18. gr.

Eins og fyrr segir, er sjálfsagt að halda banninu gegn því að leysa upp heimili og skilja hjón samvistum. Þetta bann má þó ekki verða til þess, að menn geti skotið sér undan eðlilegri atvinnusókn, t. d. fara í ver, kaupavinnu, vegavinnu o. þ. h., með því að segja, að slíkt hefði samvistaslit í för með sér. Rétt er, að þetta sé berum orðum fram tekið, þó að það vafalaust felist í núgildandi lögum.

#### Um 19. gr.

Ef til vill felst ákvæði þetta í fyrirmæli framfærslulaganna um, að sveitarstjórnum sé heimilt að fara með fjárkröfur styrkþega á hendur öðrum mönnum. Þar sem nokkur vafi hefir þó þótt á þessu leika, er réttara að taka það berum orðum fram, enda er styrkþega jafnframt fenginn réttur til að skjóta ágreiningi um þetta til yfirvalds, en síðan má bera hann undir ráðherra. Að þessu leyti er réttarstaða styrkþega því gerð betri en ella væri, en hitt auðsjáanlega öllum til hagsbóta, að þeim styrkþegum, sem ekki kunna með kaup sitt að fara, sé varnað þess að sólunda því. Nauðsynleg afleiðing þessa fyrirmælis er það, að kaupgreiðendur, sem vanrækja að hlýða fyrirmælum sveitarstjórnar í þessu efni, ábyrgist þá vanrækslu.

#### Um 20. gr.

Nokkuð hefir á því borið, að styrkþegar hafa reynt að leyna tekjum af vinnu, sem þeir hafa haft. Ekki er heldur alveg óþekkt, að þeir hafi skotið peningum undan. Ákvæði þessarar greinar eru til þess ætluð, að hægara sé að koma í veg fyrir þetta.

#### Um 21. gr.

Núgildandi fyrirmæli hafa ekki þótt veita sveitarstjórnnum nógu rúma heimild til þess að vísa styrkþegum til vinnu. Ekki er nógu skýrt kveðið á um, að heimilt sé að koma mönnum í vinnu utan heimilissveitar þeirra. Er slíkt þó alveg nauðsynlegt hér á landi, þar sem vinnu er að fá á mismunandi stöðum eftir árstíðum. Þá er kaupgjaldsákvæði núgildandi laga einnig óljóst og óheppilegt. Virðist helst miða við kaupgjald á heimili styrkþega, þó að sjálfsagt væri, ef ákvæðinu væri haldið, að miða við vinnustaðinn. En rétt er að fella þetta ákvæði alveg niður, vegna þess að oft mundi svo ástatt, að styrkþegi hefði ekki fulla starfskrafta, og er kaupgjaldsákvæðið þá óheppilegt. Niðurfelling ákvæðisins hefir hinsvegar í för með sér enga hættu á, að sveitarstjórn misbeiti valdi sínu, því að styrkþegi getur skotið máli sínu til lögreglustjóra framfærslusveitar, og þaðan má áfrýja málinu til ráðherra. Áfrýjunarrétturinn til ráðherra er nýr og er til aukins öryggis.

Í 2. mgr. er berum orðum tekið fram, að heimildin til að láta barnsföður í vinnu eða fangelsi taki jafnt til feðra skilgetinna sem óskilgetinna barna. Þetta er gert vegna úrskurðar lögreglustjóra í Reykjavík og stjórnarráðs í gagnstæða átt, og er með þessu komið í veg fyrir allan frekari misskilning um efnið.

#### Um 22. gr.

Framfærslulögin leggja í ýmsum samböndum skyldu á sveitarfélag til þess að annast greiðslur fyrir annað sveitarfélag. Hér á hið greiðsluskylda sveitarfélag ekki um neitt að velja. Það verður að inna greiðsluna af hendi, hvort sem það vill eða ekki, og jafnvel þó að það hafi margreynt hitt sveitarfélagið að óskilsemi. Þegar svo stendur á, er það eðlilegast, að sá, sem leggur því greiðsluskylduna á herðar, ábyrgist, að endurgreiðsla fari fram. Hér er því lagt til, að ríkið ábyrgist þessar greiðslur milli sveitarfélaga. Til ábyrgðarinnar kemur vitanlega ekki fyrr en reynt hefir verið á venjulegan hátt að ná greiðslunni hjá því sveitarfélagi, sem endanlega skyldi greiða. Áhætta rikissjóðs í þessu efni er heldur ekki ýkja mikil, þar sem ríkið á að inna ýmsar greiðslur af hendi til sveitarfélaganna, t. d. úr jöfnunarsjóði, og getur því skuldað jafnað. En hvað sem um það er, þá leiðir það af ákvæðum þessa frumvarps um sveitfestitíma í einstökum tilfellum, þar sem hann er óumflýjanlegur, að tryggja verður, að sveitarfélögin fái kröfur sínar á önnur sveitarfélög greiddar. Að visu er hægt að hugsa sér, að sveitarflutningar væru teknir upp af nýju og þannig komið í veg fyrir, að nokkrar verulegar skuldir stofnuðust sveitarfélaga á milli. En ekki hefir þótt fært að leggja þetta til, og er þá ekki um annað úrræði að ræða en ábyrgð rikissjóðs.

Á hinn bóginn verður vitanlega að búa svo um, að sú sveit, þar sem styrkþegi er, verði ekki óþarflega ríf á styrkveitingar í skjóli þess, að hún fái þær endurgreiddar. Þess vegna er það gert að meginreglu, að hún fái einungis endurgreidda  $\frac{2}{3}$  hluta þess, sem hún hefir greitt. Með því er henni veitt verulegt aðhald, en þó ekki um of illa að henni búið, þar sem hún á greiðslu á þessu visa, gangstætt því, sem nú er. Þegar sveitarstjórn hefir engin áhrif á, hversu styrkurinn verður hár, svo sem er þegar um yfirvaldsúrskurð er að ræða, er hinsvegar engin hætta á óþarfaeyðslu af hennar hálfu, og er því ætlað til, að þá haldi hún fullum endurgreiðslurétti.

#### Um 23. gr.

Hér er um að ræða hjálp til styrkþega í neyð, þar sem óþörf eyðslusemi af hálfu þeirrar sveitar, er fyrst innir greiðsluna af hendi, sýnist ekki komast að. Er því lagt til, að hún haldi fullum endurgreiðslurétti og að ríkið ábyrgist greiðsluna að fullu.

#### Um 24. gr.

Rétt þykir að setja stuttan fyrningarfrest á kröfur sveitarfélaga á milli, til þess að þær liggi ekki óhæfilega lengi í salti og komi fyrst fram seint og um síðir.

#### Um 25. gr.

Nú er sú sveit, þar sem barnsfaðir á lögheimili þegar greiðslu er krafizt, endanlega skyld til að greiða meðlagið. Réttara sýnist að miða við *gjaldlega* meðlagsins, og er lagt til, að svo verði gert.

Sjálfsgagt er, að sú sveit, er barnsfaðir hverju sinni hefir átt framfærslurétt í, greiði meðlög hans, þó að kröfu hafi ekki strax verið hægt að gera á hendur því, vegna þess að óvíst var, hvar barnsfaðir var niður kominn. Fyrirmælið hefir minni þýðingu en ella vegna þess, að barnsfaðir mun eftir frumvarpinu yfirleitt halda þeirri sveit, er hann átti, þegar greiða varð fyrsta meðlagið fyrir hann. Ákvæðið getur samt stundum átt við, og er því rétt að taka það upp.

#### Um 26. gr.

Í þessari grein er kaupgreiðendum barnsfeðra gert að skyldu að greiða kaupið til sveitarstjórnar, eftir kröfu hennar, eftir sömu reglum og um aðra styrkþega gildir. Þó er hér að engu miðað við, hvort barnsfaðir kann með fé að fara eða ekki, heldur er heimildin veitt gegn öllum barnsfeðrum. Hefir og reynslan sýnt, að gegn þeim er þörf á harðari ráðum en öðrum.

Um 27. og 28. gr.

Orðabreytingar, sem ekki þarfnast skýringa.

Um 29. gr.

Grein þessi ákveður, að ef móðir barns giftist, skuli hún því aðeins fá greiðslur samkvæmt meðlagsúrskurði, að stjúpfaðirinn sé framfærsluþurfi. Þetta leiðir af því, að stjúpfaðirinn er framfærsluskyldur, og er í samræmi við hæstaréttardóma, sem gengið hafa um þetta mál. Hinsvegar stoðar ekki að gera rétt kvenmanna betri, ef þær í stað þess að giftast taka einungis saman við mann og búa með honum í því skyni að halda meðlögum sínum. Þess vegna er lagt til, að sama regla skuli um hvorttveggja gilda, og er svo ákveðið t. d. í dönskum lögum. Ætlazt er til, að ákvæðið eigi jafnt við um meðlög með börnum ekkna sem önnur meðlög.

Um 30. gr.

63. gr. framfærslulaganna á vitanlega einungis við um það, hvenær styrkþegi sé ekki skyldur til að endurgreiða styrk, en fjallar alls ekki um fjárskipti sveitarstjórna. Er lagt til, að þetta verði sagt svo skýrt, að ekki verði um villzt.

Um 31. gr.

Hér er ráð fyrir því gert, að styrkþegar flytji sveitarfélagi á milli að tilhlutun sveitarfélaga, án þess að nokkur launung sé á það lögð. Má vel svo fara, að á næstu árum kveði meira að slíkum aðgerðum en gert hefir til þessa. Því að full þörf sýnist vera að beina einhverju af því fólki, sem safnast hefir á þá staði, þar sem það hefir ekki neitt að gera og er þar því einungis sjálfum sér og öðrum til tjóns, þangað, sem lífvænlegra er.

Þegar svo stendur á, sýnist rétt, að sú sveit, sem styrkþega ráðstafar, standi undir öllum kostnaði við hann, á meðan hann er að koma undir sig fótunum á nýja staðnum. Er því svo ákveðið, að hann geti því aðeins unnið sér framfærslurétt í hinni nýju sveit, að hann komist af styrklaust í 2 ár óslitið eftir að hann hefir dvalið þar í 4 ár. Ætlazt er til þess, að dvalarsveitin fái að fullu endurgreiddan kostnað þann, er hún kann að hafa af styrkþega á meðan hann heldur hinni fyrri sveit, og að ríkissjóður ábyrgist þær greiðslur.

Um 32. gr.

Lengdur er fresturinn í upphafi 66. gr. úr 4 mánuðum í 2 ár, þannig að rannsókn á að fara fram, ef maður verður styrkþurfi á fyrstu tveim árum, sem hann dvelur í einhverri sveit. Jafnframt er gert ráð fyrir, að rannsóknin fari því aðeins fram, að þörf sé á henni, og er það sjálfsagt.

Um 33. gr.

Samkvæmt núgildandi ákvæðum sleppur sú sveit betur við þurfaþing sinn, sem með brögðum og undirferli ráðstafar honum í aðra sveit, heldur en sú, sem engu dul dregur á, að hún eigi þátt í flutningi hans. Í fyrri tilfellinu verður sveitin að sjá fyrir styrkþega einungis í 3 ár, og vitanlega eingöngu í þeim tilfellum, þegar misferli sveitarstjórnar sannast, en í síðara tilfellinu ætíð meðan hann þarf á óslitnu sveitarframfæri að halda. Þvilik verðlaun á óheiðarleikanum ná vitanlega ekki neinni átt. Hér er þvert á móti lagt til, að ef slíkt misferli af hálfu sveitarstjórnar eða einstakra áhrifamanna sveitarfélags sannast, þá skuli það endurgreiða allan þann styrk, sem maður þarfnast í því sveitarfélagi, sem honum var ýtt til. Skiptir þá ekki máli, hvort maður hefir þurft að halda á óslitnu framfæri eða ekki. Ennfremur er lagt til í samræmi við næstu grein á undan, að í stað 4 mánaða frests komi tveggja ára frestur, og er það sjálfsagt.

Um 34. gr.

Látið er haldast til frekara öryggis, að ríkissjóður skuli greiða dvalarsveit allan þann kostnað, sem hún verður fyrir, þegar svo stendur á sem hér segir. Í

Þessu tilfelli þarf dvalarsveitin alls ekki að krefja hina, heldur annast ríkissjóður greiðsluna þegar í stað, en hann fær svo endurgreiðslurétt á hitt sveitarfélagið.

#### Um 35. gr.

Hér er lagt til, að frestur sá, sem hreppsnefndir og bæjarstjórnir hafa til að skila skýrslum sínum, sé lengdur til 1. júní. Er það af þeim sökum, að skýrslur þessar hafa ekki borizt á þeim tíma, sem tiltekinn er í lögnum, og sýslumönnum því falið að safna þeim. Ætlazt er til, að ráðuneytið geti náð öllum skýrslum fyrir 1. júní.

Þá er og gert ráð fyrir, að alstaðar í lögnum komi orðið „ráðuneytisins“ í stað „atvinnumálaráðuneytisins“, og þykir það betur fara vegna þeirrar skiptingar, sem nú er orðin á ráðuneytunum.

#### Um 36. gr.

Um a- og b-lið þeirrar greinar vísast til þess, er segir í athugasemdum við 35. gr., því sama átsæða er fyrir hendi um þessar skýrslur og þær, er þar getur.

Hinsvegar er rétt, að það sé skattstjórinn en ekki tollstjórinn í Reykjavík, sem skilar skýrslum þessum, því hann hefir þær undir höndum og vinnur úr þeim.

#### Um 37. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

#### Um 38. gr.

Með breytingu þessari er gert ráð fyrir því, að Reykjavík, sem samkvæmt gildandi lögum fær jöfnun síðar en önnur sveitarfélög, komist undir sömu jöfnunar-ákvæði og önnur sveitarfélög landsins. Eru ástæðurnar fyrir því að hafa hana sér í flokki minni, er fullkomin jöfnun er framkvæmd og ekki lengur bundin við einar 250 þús. krónur í því skyni, svo sem áður var. Rétt þykir að láta 10% frádráttar-ákvæðið halda sér í lögnum, vegna þess að með því móti verður meira af fé jöfnunarsjóðs varið eftir reglu 72. gr. en annars yrði, og verður að telja, að það sé réttmætt.

Þá er og niðurlagi greinarinnar breytt á þann veg, að verði jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga, sem nú hefir verið falið hlutverk þessa kafla laganna með lögum nr. 69 frá 1937, ekki séð fyrir nægum tekjum, skuli ríkissjóður greiða það, sem á vantar til þess að fullkomin jöfnun fái st.

#### Um 39. gr.

Viðurlög þau, er gilda nú, ef skýrslum er ekki skilað á réttum tíma, eru dagsektir, sem sýslumenn eða bæjarfógetar ákveða. Þessum viðurlögum mun aldrei hafa verið beitt, þótt dregizt hafi lengi að senda skýrslur. Þau eru því gagnslaus. Um það, ef dráttur verður á skýrslum sýslumanns og bæjarfógeta, eru engin viðurlög, enda óviðkunnanlegt að setja slík.

Hinsvegar er rétt, ef um vanrækslu verður að ræða, að sveitarfélög þau, sem í hlut eiga, missi tilkall til greiðslna úr sjóðnum, og að nota megi tölur þeirra sveitarfélaga frá næsta ári á undan, svo ekki tefjist reikningsskil þess vegna.

#### Um 40. gr.

Þarfnast ekki skýringa að öðru en því, að breytinguna undir b-lið leiðir af breytingum þeim, sem lagt er til, að gerðar verði í 35. og 36. gr.

#### Um 41. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

#### Um 42. gr.

Þarfnast ekki skýringa.